

Fornir fimmtudagar:

Saltvík í Reykjahverfi

Fimmtudagskvöldið 4. ágúst klukkan 18:30 leiðir Adolf Friðriksson gesti um minjastaði í Saltvík, en árið 2002 fundust þar leifar fornra bústaða og kumla, sem rannsókuð voru af Fornleifastofnun Íslands á árunum 2003-2004.

Mæting er við hesthúsið í Saltvík.

Áætlaður tími 1 – 1,5 klukkustundir.

Þátttaka er gjaldfrjál og öllum heimil.

Hið þingeyska fornleifafélag

Sléttugangan

Ferðafélagið Norðurslóð stendur fyrir Sléttugöngunni laugardaginn 13. ágúst 2015. Gengið verður frá Raufarhöfn í Blikalónsdal og norður eftir dalnum út í Blikalón. (Ef veður gefur tilefni til verður byrjað við Blikalón og gengið suður dalinn til Raufarhafnar.)

Fjölbreytt og skemmtileg gönguleið en nokkuð löng, um 27 km ganga. Nauðsynlegt er að vera í góðri gönguþjálfun. Brottför frá Raufarhöfn kl. 9:00. Að göngu lokinni verður fólk sótt á áfangastað og ekið til Raufarhafnar, farið í sund og gufu og eftir það í kvöldverð á Raufarhöfn.

Þátttökugjald er 4.000 fyrir þá sem hafa greitt félagsgjald til Norðurslóðar, en 5.000 fyrir aðra. Innifalið: Leiðsögn, göngukort, akstur, sund, gufa og matur. Þátttökugjald er greitt við upphaf göngu. Enginn posi. Athugið að akstur með hunda er ekki í boði.

Þátttakendur eru beðnir að skrá sig í gönguna á netfangið fnordurslod@simnet.is, eða í síma 892-8202, þar sem veittar eru nánari upplýsingar. Í næstu Skeglu verður fyrirkomulagið auglýst nánar.

Ferðafélagið Norðurslóð

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
30. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 3. ágúst 2016

Frá Ferðafélaginu Norðurslóð

Árgjald Ferðafélagsins 2016 er **7.400 kr.**

Innifalið í því er Árbók Ferðafélags Íslands. Árbókin 2016 fjallar um Skagafjörð austan Vatna - Frá Hjaltadal að Úlfsdölum. Með þessari árbók lýkur þriggja binda umfjöllun Páls Sigurðssonar prófessors og fyrrum forseta Ferðafélagsins um Skagafjörð.

Fyrsta bindi, Skagafjörður vestan Vatna – Frá Skagatá að Jökli, kom út 2012 og annað bindi, Skagafjörður austan Vatna – Frá Jökli að Furðuströndum, kom út 2014.

Þeir sem **vilja EKKI fá bókina greiða hálf árgjald, eða 3.700 kr.**

Einnig er innifalið í gjaldinu **skírteini** ferðafélagsins, sem veitir afslátt í ferðir og skála ferðafélaganna og fjölda verslana.

Félagsmenn eru beðnir að greiða félagsgjaldið inn á reikning 0179-05-401276, kt. 520609-1640.

Sendið tilkynningu á fnordurslod@simnet.is þegar greitt er. Upphæðin segir til um hvort fólk vill bók eður ei.

Með því að greiða árgjaldið lýsir fólk því yfir að það vilji vera áfram á félagaskrá Ferðafélagsins. Þeir sem vilja ekki vera á félagaskránni, vinsamlegast láti félagið vita.

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 10. ágúst 2016.

Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.